

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 12,40
2. Um hemil, fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils kr. 3 400,00

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitapörf húsnæðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 580,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" kr. 2 230,00

III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr. 29 500,00
400 til 2 000 m ³	kr. 29 500,00
af 400 m ³ +	kr. 24,90
á m ³ þar yfir að 2 000 m ³ .	
2 000 m ³	kr. 69 300,00
+	kr. 20,20
á m ³ þar yfir.	

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 2 630,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 332,00

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 678 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.